

223. fundur Umferðarráðs

223. fundur Umferðarráðs var haldinn í Borgartúni 30, miðvikudaginn 12. nóvember 2008 og hófst hann klukkan 14:00.

Mættir voru: Karl V. Matthíasson, Birna Hreiðarsdóttir, Ástgeir Þorsteinsson, Inda Björk Alexandersdóttir, Guðmundur Karl Einarsson, Benedikt Eyjólfsson, Runólfur Ólafsson, Ólafur Guðmundsson, Knútur Halldórsson, Morten Lange, Egill Bjarnason, Sigurður Arnar Sigurðsson, Hjálmar Björgvinsson, Halla Halldórsdóttir, Jón Ólafsson, Birna Lárusdóttir, Sigrún A. Þorsteinsdóttir, Birgir Hákonarson, Auður Þóra Árnadóttir, Guðbrandur Bogason og Guðríður Ólafsdóttir. Sigurður Helgason var fundarritari.

Umferðarþing – dagskrá

Birgir Hákonarson rakti tilhögun undirbúnings fyrir Umferðarþing 2008. Hann sagði frá helstu dagskrárliðum og hverjir yrðu fyrirlesarar. Einn erlendur fyrirlesari komi á þingið, en það er John Dawson, mikill baráttumaður fyrir umferðaröryggi á alþjóðlegum vettvangi. Í fyrsta hluta þingsins verður fjallað um skipulag umferðaröryggisstarfsins og framkvæmd umferðaröryggisáætlunar. Síðan verður farið yfir ýmis atriði varðandi endurskoðun umferðarlaga, sem er í vinnslu og löks um unga ökumenn og umferðarfræðslu í skólum.

Umferðarljósið

Rætt var um þær hugmyndir sem fram hafa komið um handhafa umferðarljóssins, sem er viðurkenning veitt aðila sem hefur lagt mikilvægan skerf til framgangs umferðaröryggis í landinu. Ýmis sjónarmið komu fram, sem var hugsað sem efniviður fyrir úthlutunarnefndina þegar hún tæki endanlega ákvörðun um hver yrði fyrir valinu.

Norrænn fundur umferðarráða

Sigurður Helgason sagði frá norrænum samtökum umferðarráða sem stofnuð voru árið 1956. Í þeim sitja formenn og framkvæmdastjórar umferðarráða á Norðurlöndum og halda þau ársfund á hverju hausti. Markmiðið er að efla samstarf þessara þjóða til að auka umferðaröryggi, að nýta þekkingu og reynslu hvernar þjóðar í annarra þágu og síðast en ekki síst að skapa samskipta- og upplýsingavettvang. Að lokum má geta þess að þeim er ætlað að vekja athygli á umferðarmálum á Norðurlöndum. Flestar þær þjóðir sem þarna koma við sögu standa í fremstu röð í heiminum í baráttu við umferðarslys og rétt er að halda því til haga að litið er á Norðurlöndin sem fyrirmynd á alþjóðlegum vettvangi og sérfræðingar hafa veitt ráðgjöf meðal þjóða sem eru skemmra komnar í þróun mála. Sitthvað hefur verið gert á þessum vettvangi, þar á meðal verið starfandi samráðshópar um upplýsingamiðlun, og um umferðarfræðslu í skólum. Þá hafa verið haldin málþing og ráðstefnur sbr. Bäst i Norden. Einnig hefuer verið tekið saman yfirlit yfirlit yfir sögu NTR í 50 ár og þróun umferðarmála á sama tímabili. Á fundum ráðsins er rætt um helstu verkefni í einstökum löndum ár hvert, hvað sé á döfinni á næsta ári? Slysátölfraði, sameiginleg verkefni og hugmyndafræðilegur bakgrunnur starfsins. Einnig greindi Sigurður lauslega frá fundi ráðsins í Osló í september. En hverjir eru helstu kostir þessa starfs? Það er sterkt tengslanet við sérfræðinga, auðvelt aðgengi að upplýsingum og möguleiki á tengingu við fleiri sérfræðinga í gegnum starfsmenn samstarfsstofnana. Það er mat manna að starf NTR hafi skipt miklu til að styrkja og efla umferðaröryggi á Norðurlöndum á síðustu fimmtíu árum.

Hlutverk Umferðarráðs til framtíðar

Rætt var lauslega um afstöðu ráðsins varðandi hlutverk þess til framtíðar. Með hliðsjón af endurskoðun umferðarlaga þarf að marka stefnu um það. Í umferðarlögum eru ákvæði um Umferðarráð og hlutverk þess, en í rauninni er málum öðru vísi háttáð. Þá hefur verið sett reglugerð um ráðið, en hún er mjög ófullkomin, aðeins þrjár greinar og segir fyrst og fremst til um hverjir eigi að eiga fulltrúa í ráðinu. Formaður bað fulltrúa um að glöggva sig á skoðunum sínum í þessum efnun fyrir næsta fund.

Framboð og skattlagning öryggisbúnaðar ökutækja á Íslandi

Runólfur Ólafsson byrjaði á að ræða um svokallaða skrikvörn. Fyrsta spurningin sem hann reyndi að svara er: Hvað er ESC (ESP/VSC/DSC m.m.) skrikvörn? ESC skrikvörn er viðbót við ABS-hemlalæsivörnina. Kerfið er algerlega sjálfvirkt og tölvustýrt. Búnaðurinn nemur þegar bíll skrikar eða skrensar og grípur á augabragði inn í aksturinn og ýmist hemlar eða slakar á hverju hjóli fyrir sig í samræmi við skrik bílsins til að rétta af stefnu hans. Mikilvægi þessa búnaðar endurspeglast í eftirfarandi. Skyngjarar vakta stöðugt aksturslag og mæla hraða ökutækis, beygjuhorn, hlutfall hliðarhreyfinga og fl. ESC búnaðurinn grípur inn í gang bílvélar og slakar á bensíngjöf ef þarf. Skrikvörn hjálpar til við að koma í veg fyrir að ökumaður missi stjórn á bíl við ákveðnar aðstæður, svo sem ef hann kemur of hratt að horni eða lendir í hálfu í beygju. Kerfið dregur verulega úr mistökum ökumanna, bæði þegar bíll skrikar og eins þeim sem ökumaður kann að gera til að bjarga sér úr vandanum. Hann fjallaði einnig um skattlagningu á öryggisbúnað bíla, sem er umtalsverð.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið klukkan 16:00

Sigurður Helgason
fundarritari